

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Deiliskipulag námu ofan Einholtsvatna.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýtt deiliskipulag fyrir námu ofan Einholtsvatna á bæjarstjórnarfundi þann 14. september 2017.

Náma ofan Einholtsvatna er um 100.000 m² að flatarmáli og áætluð efnistaka verður um 150.000 m³ á framkvæmdatíma. Náman verður opin meðan á framkvæmdum stendur.

Deiliskipulag námu í Skógey.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýtt deiliskipulag fyrir námu í Skógey á bæjarstjórnarfundi þann 14. september 2017.

Gert er ráð fyrir að námusvæðið í Skógey verði um 110.000 m² að stærð. Efnistaka verður að hámarki 190.000 m³. Náman verður opin meðan á framkvæmdum stendur.

Deiliskipulag námu í Hornafjarðarfljótum.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýtt deiliskipulag fyrir námu í Hornafjarðarfljótum á bæjarstjórnarfundi þann 14. september 2017.

Náma í Hornafjarðarfljótum er um 6.800.000 m² að flatarmáli og áætluð efnistaka um 450.000 m³ á framkvæmdatíma. Náman verður opin meðan á framkvæmdum stendur.

Deiliskipulag námu í Djúpa.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar nýtt deiliskipulag fyrir námu í Djúpa á bæjarstjórnarfundi þann 14. september 2017.

Náma í Djúpa er um 56.000 m² að flatarmáli og áætluð efnistaka 200.000 m³ á framkvæmdatíma. Náman verður opin meðan á framkvæmdatíma stendur.

Málsmeðferð var skv. 40. og 41. gr. ofangreindra laga. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deili-skipulagstillögurnar.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 27. nóvember 2017.

Gunnlaugur Róbertsson skipulagsstjóri.